

Fyrirspurn

til viðskiptaráðherra um afleiðingar jarðskjálftanna á Suðurlandi.

Frá Margréti Frímansdóttur.

1. Hverjar eru helstu niðurstöður skýrslu Rannsóknarmiðstöðvar Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði um afleiðingar jarðskjálftanna á Suðurlandi árið 2000 sem birt var haustið 2004?
2. Hafa komið fram nýjar skemmdir á húsnæði frá árinu 2002 til dagsins í dag? Ef svo er, um hve mörg tilvik er að ræða og hvers konar skemmdir, skipt eftir tímabilum og tegundum skemmda á:
 - a. atvinnuhúsnæði,
 - b. íbúðarhúsnæði?
3. Hver er heildarkostnaður vegna þessara skemmda? Hafa verið greiddar bætur og þá hve háar vegna:
 - a. atvinnuhúsnæðis,
 - b. íbúðarhúsnæðis?
4. Hefur þörfin fyrir langvarandi áfallahjálp fyrir fólk sem búsett er á jarðskjálftasvæðunum verið metin sérstaklega? Ef svo er, hafa stjórnvöld lagt fram fjármuni til þeirrar starfsemi, hve mikla og á hvaða tímabili?

Skriflegt svar óskast.